

Stjórnarfundur 293

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
12.12.2023	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 293
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 11:25	
Stjórn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson Hilda Jana Gísladóttir Sif Jóhannesar Ástudóttir Þórhallur Jónsson Þórunn Sif Harðardóttir, áheyrnarfulltrúi		
Starfsfólk		
Eyþór Björnsson, forstjóri		

1. Trúnaðarmál
2. Styrkjamál - stjórnarstyrkir
3. Styrkjamál - samfélagsstyrkir
4. Kjarakönnun Intellecta
5. Fjárhagsáætlun 2024
6. Afskriftir viðskiptakrafna
7. Önnur mál

1. Trúnaðarmál

Skráð í trúnaðarmálagerðabók.

2. Styrkjamál - stjórnarstyrkir

Hilda Jana Gísladóttir bar upp vanhæfi sitt við þenna lið, var það samþykkt og vék hún af fundi.

Vísað er til vinnureglna stjórnar um stjórnarstyrki. Gunnur Ýr Stefánsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu forstjóra, sat fundinn undir þessum lið.

1. Styrkumsókn frá Aflinu, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Norðurlandi og Austurlandi. Markmið Aflsins er að stækka enn frekar og geta veitt öllum þolendum á landsbyggðinni viðunandi úrræði. Til þess að gera það leitar miðstöðin að styrkjum víðsvegar, þ.á.m. til Norðurorku.

Stjórn samþykkir að styrkja Aflið um kr. 500.000,- sem tekið er af styrktarfé 2023.

2. Styrkumsókn frá Bryndísi Fjólú Pétursdóttur f.h. Huldustígs í Lystigarðinum. Sótt er um styrk til að halda ráðstefnu "Huldufólk og álfar í heimabyggð" í apríl 2024.

Fram kom að Huldustígur hefði fengið samfélagsstyrk árið 2023 og stjórn var sammála um að umsókn sem þessi ætti betur heima í þeim flokki. Umsókninni er því hafnað.

3. Styrkumsókn frá stjórn ÞórKA. ÞórKA er sameiginlegt lið Þórs og KA og sér stjórn félagsins um rekstur kvennaknattspyrnu 15 ára og eldri þ.e. 3 flokk, 2 flokk og mfl, ÞórKA. Félagið sækist eftir styrk fyrir tækja til að styðja við reksturinn og lenda rekstri réttu megin við núllið.

Stjórn samþykkir að styrkja Þór/KA kvennaknattspyrnu um kr. 1.000.000,- sem tekið er af styrktarfé 2023.

4. Styrkumsókn frá meistaraflokki Þórs í körfubolta kvenna. Þór er annað af tveimur liðum af landsbyggðinni sem spilar í efstu deild í vetur og er ferðakostnaður stór þáttur í rekstrinum. Sótt er um styrk til að efla starfið, gera liðið og alla umgjörð enn betri.

Fyrir á árinu fékk meistaraflokkur stjórnarstyrk, kr. 600.000,-. Stjórn samþykkir að styrkja meistaraflokk kvenna í körfubolta um kr. 400.000,- til viðbótar, sem tekið er af styrktarfé 2023.

5. Styrkbeiðni frá Jóláaðstoðinni. Um ræðir samstarf Mæðrastyrksnefndar, Hjálparstarfs kirkjunnar, Hjálpræðishersins á Akureyri og Rauða krossins við Eyjafjörð. Söfnunarféð er notað til kaupa á gjafakortum sem einstaklingar geta verslað mat fyrir.

Stjórn samþykkir að styrkja Jóláaðstoðina um kr. 2.000.000,- sem tekið er af styrktarfé 2023.

6. KA/Þór hefur verið í efstu deild í mörg ár samfleytt, keppt um titla og m.a. unnið alla þá titla sem í boði eru. Þrátt fyrir það er erfitt að fjármagna liðið á hverju ári. Innkoma liðsins t.d. í kringum heimaleiki er minni en karlaleiki. KA/Þór óskar eftir styrk til búninga- og boltakaupa fyrir liðið.

Stjórn samþykkir að styrkja KA/Þór kvannahandbolta um kr. 1.000.000,- sem tekið er af styrkjfé 2023.

3. Styrkjamál - samfélagsstyrkir

Hilda Jana Gísladóttir mætir aftur til fundar.

Fyrir liggur minnisblað skipaðs vinnuhóps starfsfólks Norðurorku um vinnuferli og tillögur vinnuhópsins varðandi úthlutun samfélagsstyrkja 2023. Auglýst var eftir umsóknum í október og rann umsóknarfrestur út 15. nóvember. Alls bárust 100 umsóknir um styrki. Tillögur starfshóps Norðurorku eru að úthluta þeim 10 milljónum kr., sem eru til umráða, á 38 verkefni.

Gunnur Ýr Stefánsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu forstjóra, fór yfir niðurstöðu vinnuhópsins og yfirlit yfir styrkjadreifingu sem flokkuð var niður í málaflokka. Afhending styrkja er fyrirhuguð í janúar 2024.

Sett fram til kynningar.

4. Kjarakönnun Intellecta

Kristján Einarsson, ráðgjafi hjá Intellecta, kynnti niðurstöður kjarakönnunar 2023.

Stjórn þakkar Kristjáni fyrir góða kynningu.

5. Fjárhagsáætlun 2024

Kristín Kjartansdóttir, fjármálastjóri, lagði fram endurskoðaða fjárfestingaráætlun þar sem tekið er tillit til kostnaðar vegna upplýsingatæknimála og uppfærslu á DAX bókhaldskerfi, en þær tölur lágu ekki endanlegar fyrir þegar upphafleg fjárfestingaráætlun var kynnt.

Breytingar varðandi upplýsingatæknikerfi eru:

2024 úr 15 millj. í 55 millj

2025 úr 15 millj í 35 millj

2026 úr 15 millj í 10 millj

2027 óbreytt

Hækkun um 55 millj frá fyrri áætlun

Breytingar varðandi bókhaldskerfi eru:

2024 10 millj í 30 millj

2025 0 í 30 millj

2026 0 í 20 millj

Hækkun um 70 millj frá fyrri áætlun.

Vegna breyttrar fjárfestingaráætlunar er endurskoðuð fjárhagsáætlun 2024 lögð fram til samþykktar þar sem breyting verður á sjóðsstreymi.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2024 með áorðnum breytingum.

6. Afskriftir viðskiptakrafna

Kristín Kjartansdóttir, fjármálastjóri fór yfir tillögur um afskriftir viðskiptakrafna. Til afskriftar eru 646.437 kr. eru vegna útistandandi orkureikninga, en engar inneignir koma til afskrifta. Auk þess eru

4.974 kr. til afskriftar vegna efnisreikninga. Samtals afskrift ársins er því 651.411 kr. Til samanburðar þá voru afskriftir 1.245.364 kr. árið 2022. Fjárhæðir eru með virðisaukaskatti. Skipting milli móður- og dótturfélags er þannig að hlutur Norðurorku hf. er 507.217 kr. og hlutur Fallorku ehf. 144.294 kr. Að baki töpuðum kröfum til afskriftar eru 17 einstaklingar með 396.384 kr og 4 lögaðilar með 255.027 kr.

Stjórn gerir ekki athugasemdir við framkominn lista.

7. Önnur mál

a) Hreinsistöð fráveitu á Akureyri. Málinu frestað

b) Umsókn um nýtingarleyfi fyrir vinnslusvæðið í Ytri-Haga og málsmeðferð Orkustofnunar. Málinu frestað.

c) Metan á Akureyri. Málinu frestað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:25